

10. Frumvarp

til laga um útflutningsgjald af sild o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1921).

1. gr.

Af hverri sildartunnu (108—120 ltr.) skal greiða í rikissjóð 3 kr., af hverjum 100 kg. af fódurmjöli og fódurkökum 1 kr. 50 au. og af hverjum 100 kg. af áburðarefnum 50 au.

2. gr.

Gjald það, er ræðir um í 1. gr. greiðist af þar töldum vörum, þegar þær eru fluttar út í skipum, sem afgreidd eru frá landinu eða í skipum, sem stunda sildveiðar í landhelgi, þótt sildin sje eigi flutt í land. Ennfremur nær gjaldið til sildar, sem veidd er utan landhelgi, ef hún er verkuð eða söltuð á höfnum inni eða í landhelgi.

3. gr.

Brot úr tolleiningu, sem er $\frac{1}{2}$ eða meira, telst heil tolleining en minna broti skal slept.

4. gr.

Gjaldið fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda ef engrar afgreiðslu er beiðst. Gjaldið greiðist lögreglustjóra, þar sem varan er tekin, eða ef varan er eigi flutt úr landi, þá þarsem skip leggur frá landi.

5. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskirteinum eða öðrum hleðsluskjölum, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið, gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilrikjum þeim, er um getur í þessari gr.

6. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjaldinu.

7. gr.

Lögreglustjórar skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjaldinu eftir því, sem stjórnarráðið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 50—5000 kr. nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Ef lögreglustjóri hefir grun um, að skilriki þau, er um getur í 5. gr., sjeu röng, skal hann rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu

efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng en ella rikissjóður.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1922 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 16, 4. nóv. 1881, að svo miklu leyti sem þau eru eigi áður numin úr lögum og lög nr. 14, 14. ágúst 1919.

Athugasemdir.

Því mun naumast verða neitað, að útflutningsgjaldi af framleiðsluvörum landsins er þann veg farið, að það fremur dregur úr framleiðslunni en örvar hana og það því fremur, sem gjaldið er hærra. Á þeim tímum, sem nú standa yfir, riður oss sjerstaklega á því að takmarka innflutning og auka framleiðsluna, hvorttveggja til þess að greiða fyrir viðskiftum vorum við útlönd, sem eins og stendur valda mestum erfiðleikum. En auk þess er á það að lita, að aukin framleiðsla veldur því, að vjer komumst af með minni innfluttar vörur. Það er því auðsætt, að leggja ber mikla alúð við aukning framleiðslunnar og verður því einnig að forðast hvern stein í hennar götu, effir því sem við verður komið, sjerstaklega eins og nú stendur, er segja má með rjettu, að atvinnuvegir landsins eigi mjög í vök að verjast vegna dýrlíðar og erfiðs árferðis.

Með þetta fyrir augum varð það ofan á við endurskoðun skattalöggjafarinnar, að reyna að losna sem mest við útflutningsgjöld, einkum nú fyrstu árin meðan afleiðingar heimsstyrjaldarinnar eru tilfinnanlegastar og helst til langframa, en um þetta verða þó þarfir rikissjóðs að ráða mjög, og er erfitt að spá um þær langt fram í tímann.

Það, sem tekið er fram hjer að ofan virðist þó eigi leiða til þess, að ástæða sje til að afnema útflutningsgjaldið af sild, bæði af því að hún er eigi enn neysluvara hjer innanlands og einkum af því, að hin síðustu ár virðast hafa sýnt það, að erlendur markaður fyrir sild er alltakmarkaður. Það er því naumast eins mikil ástæða til að leggja kapp á að auka framleiðslu hennar og það því síður sem sildveiðin hefir reynst mjög misbrestasöm og oft valdið miklum skaða, þótt stundum hafi verið mikið í aðra hönd. Enn má og á það lita, að sildveiðar draga mjög vinnukraftinn frá hinum atvinnuvegunum, einkum landbúnaðinum, og þegar sildveiðarnar ganga tregt, veldur það miklu tjóni. Þá ber og að geta þess, að úflutningsgjaldið af sild er sá skattur, sem útlendingar greiða hlutfallslega mest af allra hjerlendra skatta og að sildveiðarnar eru reknar svo skamman tíma af árinu, að þær geta naumast talist aðalatvinnuvegur.

Hið framangreinda virðist eindregið benda í þá átt, að rjett sje að

halda útflutningsgjaldinu af sild, enda gengur frv. þetta í þá átt. Auk þess er stungið uppá að útflutningsgjald sje á fóðurmjöli, fóðurkökum og áburðarefnum til þess að stuðla fremur að því að slíkar vörur sjeu eigi fluttar út, því að þeirra er einatt mikil þörf hjer á landi. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að gjaldið af þessum vörum auki tekjur ríkissjóðsins svo að neinu muni.

Það er eigi hátt áætlað að gera ráð fyrir að sildveiðin á ári nemi freklega 100000 tunnum og ættu þá tekjur ríkissjóðs að nema að meðaltali um 300000 kr. af útflutningsgjaldinu.

Um hinar einstöku gr. þykir einungis ástæða til að taka það fram, sem hjer segir:

Um 1. gr.

Frv. gerir ráð fyrir sama gjaldi á hverri sildartunnu og samþykkt var á Alþingi 1919. Gjaldið af fóðurmjöli og fóðurkökum er stungið uppá að sje hækkað úr 1 kr. í 1 kr. 50 au. pr. 100 kg. og gjaldið af áburðarefnum úr 30 í 50 au. pr. 100 kg.

Um 2. gr.

Tilgangur þessarar gr. er að reyna að fyrirbyggja það, að landhelgi vor sje notuð til veiðanna, án þess að útflutningsgjaldið sje greitt. Er ætlast til að þetta nái jafnt til útlendra og innlendra manna.

Um 3. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 4. gr.

Þessi gr. er svipuð gildandi ákvæðum. Það er aðeins tekið skýrar fram, að gjaldið skuli greitt þar sem varan er tekin, svo að það sje ljóst, að þegar sama skip er fermt á mörgum stöðum, ber á hverjum stað að greiða gjaldið af því, sem þar er tekið.

Um 5. gr.

Þessi gr. er einnig svipuð gildandi ákvæðum að því undanskildu, að hjer er það tekið fram berum orðum, hvernig að skuli farið ef engin hleðslu-skjöl hafa verið gefin út um farm, og skyldan til að gefa upplýsingar um farminn látin ná til sendanda, skipstjóra og afgreiðslumanns.

Um 6.—7. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.

Um 8. gr.

Sektir fyrir brot á lögum þessum eru hækkaðar upp í 5000 kr. en annars er innihald gr. líkt og gildandi lög.

Um 9.—10. gr.

Gefa ekki tilefni til athugasemda.